

Sköpum góða bekkjarmenningu (stemmingu) með jákvæðum leigtogum

Námskeið – Fyrirlestur með Bjarna Fritz

Nk. mánudag 20. febrúar kl. 17 í efri sal grunnskólans

Ímyndaðu þér að vera í bekk eða hópi þar sem krakkarnir heilsa hvort öðru með bros á vör og sýna hvort öðru virðingu og hjálpsemi. Allir geta leikið og unnið saman og hafa hugrekki til að hrósa hvort öðru þegar vel gengur.

Algjör draumur ekki satt.

Hér í þessum fyrirlestri/vinnu þá fer Bjarni yfir hvað hugtakið bekkjarmenning (stemming) er og tekur dæmi um íþróttalið og fyrirtæki sem bætt hafa menningu sína svo um munar.

Kl. 11 nk. mánudag kemur Bjarni í skólann og byrjar á því að hitta nemendur og safnar saman upplýsingum um líðan nemenda og menninguna/stemminguna í hópnum.

Vinnan með krökkunum er fólgin í því að finna bekkjarmenningu eða hópamenningu sem þau vilja hafa sín á milli í skólanum hjá sér. Krakkarnir svara meðal annars spurningalistum í skólanum sem Bjarni sér um að leggja fyrir nemendur.

Eftirmiðdaginn sama daga kl. 17 heldur Bjarni svo foreldrafund þar sem krakkarnir og foreldrarnir mæta saman og fer hann þá yfir hluti eins og jákvæða og neikvæða menningu, hvaða áhrif það getur haft á börn að vera í neikvæðri stemmingu í gegnum skólagönguna, hlutverk leiðtoga í að skapa menningu o.s.frv..

Að því loknu fer hann svo yfir útkomuna úr menningarvinnunni fyrr um daginn og teiknar upp nýja og bættu menningu fyrir krakkana og foreldrana og fer yfir það hvað hver og einn getur gert til þess að bæta samskiptin og stemminguna í hópnum.

Foreldrar og börn vinna létt verkefni saman og farið verður í nokkra leiki og reynt að hafa smá gaman líka.

Vel má hugsa sér að þetta sé bekkjarkvöld með foreldrum en aðeins með öðru sniði. Þetta verður svakalega gaman og eru allir foreldrar barna á miðstigi vinsamlegast beðnir um að mæta á þetta námskeið því SAMAN GETUM VIÐ MEIRA!

Kær kveðja,

umsjónarkennarar á miðstigi og skólastjóri í samvinnu við foreldra nemenda á miðstigi

Nánari upplýsingar um námskeið Bjarna má finna: [Skólar — Bjarni Fritz](#)